

Starfshæfi og hvíldartími.

Pakkir eiga þeir menn skilfö, sem vinna vilja að því að högum bifreiðarstjóra sé þannig háttáð, að þeir geti verið færir um að gegna starfi sínu. Vinna slikir menn í almennings þarfir, engu síður en sjálfra bifreiðarstjóranna. Sá sem bifreið ekur, má flestum síður, dotta við starf sitt, eða gleyma sér, þó ekki væri nema augnablik, enginn veit, hvenær svo getur að borið, að einhver verði að liða fyrir það liftjón eða lima, ef bifreiðarstjórinn hefir ekki fulla árvekni sína og svefn. Þesskonar mönnum riður því meira á en jafnvel flestum öðrum, að hafa fullan svefn. Því það sem fyrst tapast, ef á svefninn vantar, er snerpán. Óutsofinn er maðurinn bæði seinni að hugsa og seinni til viðbragðs. Rannsóknir hafa sýnt, að menn sem höfðu fengið 6 stunda svefn, gátu ekki verið eins fljótir að reikna ein-

falt daemi, eins og ef þeir voru sofnir. Jafnvel þó að þarna vantaði ekki nema litið á fulla hvíld, varð óviðráðanlegur snerpumuntur. Og svipað er að segja um hreyfingaflýti. Altalað var í sumar, að bifreið full af fólkii hefði oltið um, sakir þess að sá sem við stýrið sat, gat ekki haldið sér vakandi, og að ekki hefði mátt tæpara standa í önnur skifti, að likt færi, sakir þess hve bifreiðarstjórar voru vansvefna. Mun flestum koma saman um, að á slíkt megi ekki hætta. En afar óliklegt virðist, að bifreiðastöðvar falli í rústir — eins og einhver komst að orði hér í blaðinu fyrir skómmu — ef reynt er til að sjá um að bifreiðarstjórar fái nokkuru meiri hvíld og meira frelsi en hingað til hefir verið.

30. nóv. 1930

Helgi Pjeturss.